

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm. Dómarinn fékk málið til meðferðar 6. nóvember 1981.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Verk h.f., greiði stefnanda, Þorgils Axelssyni, kr. 5.000,00 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1980, 43,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 10.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. apríl 1985.

Nr. 117/1984. **Dagblaðið h/f**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Péttri Péturssyni

(Arnmundur Backman hrl.).

Umboðsmennska. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. maí 1984. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann

og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 32.791,20 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi. Svo sem þar kemur fram, hafði stefndi verið umboðmaður á Selfossi fyrir Dagblaðið, frá því að það hóf göngu sína 8. september 1975. Hann sá um alla dreifingu til áskrifenda, tók upp lausasölu á blaðinu og skipulagði störf varðandi umboðsmennskuna. Við sameiningu Dagblaðsins og Vísis í lok október 1981 var honum fyrirvaralaust sagt upp umboðsstarfinu. Við þá uppsögn hefur stefndi, sem ráðinn var ótímabundið til umboðsmennskustarfans, orðið fyrir tjóni, sem áfrýjandi ber skaðabótaábyrgð á, þótt samningar aðilja kvæðu eigi á um, hvernig með skyldi fara, ef til fyrirvaralausrar uppsagnar á umboðsmennskunni kæmi.

Við ákvörðun bóta þessara þykir rétt að hafa hliðsjón af þeim umboðslaunum, er telja má, að stefndi hefði samkvæmt fyrri reynslu borið úr bítum næstu þrjá heilu mánuðina eftir uppsögn að frádregnum eðlilegum sölu- og dreifingarkostnaði á blaðinu. Þegar þetta er haft í huga, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar 30.000,00 krónur.

Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda téða fjárhæð auk vaxta, svo sem dæmt var í héraðsdómi, enda krefst stefndi staðfestingar á því.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 21.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Dagblaðið h/f, greiði stefnda, Péttri Péturssyni, 30.000,00 krónur auk vaxta, svo sem í héraðsdómi greinir, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 21.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31.janúar 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 13.12. sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. des. 1983, af Péttri Péturssyni, nnr. 7108-3268, Engja-vegi 49, Selfossi, gegn Dagblaðinu h.f., nnr. 1530-6483, Þverholti 11, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 40.989,00 með 34% ársvöxtum frá 1.1. 1982 til 1.11. 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20.9. 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 20.10. 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim tíma til 20.11. 1983, en með 27% ársvöxtum frá þeim tíma til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo: „Málavextir eru þeir að þegar Dagblaðið hóf göngu sína 8. sept. 1975 var stefnandi ráðinn umboðsmaður þess á Selfossi. Hann sá um alla dreifingu til áskrifenda og tók upp lausasölu á blaðinu ásamt því að skipuleggja öll störf varðandi slíka umboðsmennsku. Við sameiningu Dagblaðsins og Vísis í lok okt. 1981 var stefnanda tilkynnt að hann hefði tapað í hlutkesti um það hvor skyldi halda umboðum beggja blaðanna. Er hann mótmælti slíku var honum boðið að halda helmingi áskriftanna en hann hafnaði slíku, en vildi halda sínum hlut áfram a.m.k. fyrst um sinn, en því var hafnað. Gerði stefnandi þá kröfu um að fá greidd þriggja mánaða umboðslaun, sem hann hélt síðan eftir af uppgjöri, en það var síðan innheimt með stefnu þingfestri 28.4. 1983. Greiddi stefnandi þá inneign blaðsins, en gerði kröfu um umboðslaun í þrjá mánuði fyrir áskrift og lausasölu, sem stefndi hafnaði alfarið.“

Stefnandi byggir kröfur sínar á, að umboðslaun fyrir 218 áskriftir í desember 1981, janúar og febrúar 1982 séu kr. 19.620,00, en 30% af lausasölu í desember 1981, janúar og febrúar 1982 sé kr. 21.369,00. Áskriftir 218 áskrifta fyrir þennan tíma geri kr. 65.400,00. Lausasala vegna þessara þriggja mánaða hafi numið kr. 71.230,00, en lausasala vegna sept. og okt. 1981 hafi numið kr. 54.834,00. Miðast stefnukrafan við, að stefnandi eigi rétt til 30% af lausasölu DV fyrstu þrjá mánuðina.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á meginreglum samningalaga og kröfuréttar. Kröfu sína um bætur byggir hann á meginreglum skaðabótaréttar, að stefnda beri að bæta honum upp tjón hans á þann hátt, að hann verði eins settur og honum hefði verið sagt upp með löglegum hætti.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, en skýra verður þau á þann veg, að stefnanda hafi fyrirvaralaust verið sagt upp umfangsmiklum umsýslustörfum, er hann hafði með höndum fyrir stefnda. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öðru leyti en því, að dómvextir dæmast ekki í útivistarmáli

þessu, sbr. 2. mgr. 1. gr. l. nr. 56/1979, en í þeirra stað dæmast vextir eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.700,00.

Dóminn kvað upp Lilja Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Dagblaðið h.f., greiði stefnanda, Pétri Péturssyni, kr. 40.989,00 með 34% ársvöxtum frá 1.3. 1982 til 1.11. 1982, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 21.9. 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. 1983, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 9.12. 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, en með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en frá þeim degi með 15% ársvöxtum til greiðsludags, og kr. 6.700,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30.apríl 1985.

Nr. 10/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Baldvin Guðmundi Ragnarssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Skjalafals. Brot gegn 233. gr. alm. hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörns-son og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 11. desember 1984. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyng-